

Bæjarráð Ísafjarðarbæjar

Seltjarnarnes, 3. desember 2021

Varðar Vallargötu 1, Þingeyri - Gramsverslun

Vísað er til umfjöllunar um Vallargötu 1, Þingeyri, Gramsverslun, á fundi bæjarráðs þann 8. nóvember sl. þar sem var samþykkt að fela bæjarstjóra að yfirfara framtíðarsýn varðandi staðsetningu hússins og framtíðarnotkun hússins í samráði við íbúasamtökin Átak á Þingeyri.

Undirrituð óska eftir samtali við Ísafjarðarbæ um aðkomu okkar að endurbyggingu á húsnæðinu á Vallargötu 1, Gramsverslun. Við höfum áhuga á að færa húsið yfir á nýja lóð við Hafnarstræti líkt og samþykkt deiliskipulag gerir ráð fyrir og endurbyggja húsið. Gert er ráð fyrir að færa húsið til fyrra horfs og halda í sögu þess. Allar framkvæmdir og breytingar á húsnæðinu yrðu unnar í samvinnu við Minjastofnun auk þess leitað yrði ráðgjafar hjá Minjavernd.

Hugmyndir okkar lúta annars vegar að koma fyrir í húsnæðinu gestastofu fyrir væntanlegan þjóðgarð á sunnanverðum Vestfjörðum og að hún verði í stærstum hluta hússins, á jarðhæð sem og á annarri hæð þess. Hins vegar að því að opna 66° Norður verslun í hinum hluta jarðhæðar hússins.

Óskað er eftir fundi til þess að ræða málið frekar.

Bjarney Harðardóttir

Kjartan Ingvarsson

Óttar Freyr Gíslason